

Bjarnarflagi til eignar og rekstrar ásamt skuldbindingum um gufuöflun til kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn, sbr. 4. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 80 frá 15. ágúst 1966, svo og skuldbindingum um gufuafhendingu vegna Hitaveitu Skútustaðahrepps og Léttsteypunnar hf. samkvæmt samningum ríkisins og eigenda jarðanna Reykjahlíðar og Voga, dags. 18. mars og 4. maí 1971, sbr. yfirlýsingu aðila 1. júlí 1975 og 23. júní 1982.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1985 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 21 frá 10. apríl 1974, um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Pingeyjarsýslu.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Albert Guðmundsson.*

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 86 31. desember 1981,  
um iðnráðgjafa.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1985“ í 5. gr. laganna komi orðin: 31. desember 1986.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Albert Guðmundsson.*

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 80 2. júlí 1985, um sóknargjöld.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „útsvör“ í 1. másl. 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. 6. gr. komi: þinggjöld.